

12  
22. jan.

## AUGLÝSING

um leiðréttingar og viðauka við reglur um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga.

Samkvæmt 3. tölulið 21. gr. laga nr. 51/1951, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar og viðauka við þau, hafa verið gefnar út leiðréttingar og viðauki (IV) við reglur, sem um getur í auglýsingu nr. 41 31. marz 1951, um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga, sbr. auglýsingu nr. 153 8. ágúst 1951, auglýsingu nr. 234 30. desember 1952 og auglýsingu nr. 16 12. febrúar 1954, til þess að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1955.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

13  
1. febr.

## JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarfélag Skeggjastaðahrepps í Norður-Múlasýslu.

Búnaðarfélag Skeggjastaðahrepps í Norður-Múlasýslu gerir á grundvelli laga nr. 7 12. janúar 1945, svofellda ræktunarsamþykkt:

### I. KAFLI

**Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.**

#### 1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir félagssvæði Búnaðarfélags Skeggjastaðahrepps í Norður-Múlasýslu.

#### 2. gr.

Búnaðarfélagið tekur að sér á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu að þeim undanskildum, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga, nr. 45 17. maí 1950, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðarframræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf, eins og fyrir verður mælt af héraðsráðunaut eða trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um hvernig verkið skuli framkvæmt.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á túnnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnsluáðferðir verða viðhafðar á hverjum stað, fer eftir fyrirsögn héraðsráðunauts eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir 2. lið.

4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert **13** með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum, eftir fyrir- 1. febr. sögn héraðsráðunautar eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

## II. KAFLI

### Skipun og verkvið framkvæmdastjórnar.

#### 3. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Skeggjastaðahrepps fer með öll mál, er varða ræktunar- samþykkt þessa og framkvæmdir á grundvelli hennar, samkvæmt þeim lögum og reglum, sem gilda fyrir búnaðarfélagið um verkaskiptingu innan stjórnarinnar og framkvæmdir á vegum félagsins.

#### 4. gr.

Stjórn búnaðarfélagsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða- og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum að hafa samráð við véla- nefnd ríkisins um kaup og val vélanna.

#### 5. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna á hverjum tíma.

#### 6. gr.

Stjórnin annast allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaaðila á samþykktarsvæðinu, og ákveður á hverjum tíma og í hverri röð verkefni eru tekin, sem unnið skal að.

#### 7. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn. Getur hún með erindisbréfi falið honum framkvæmdastjórn og daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnu- flokka.

#### 8. gr.

Allir samningar, er stjórn og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd búnaðarfé- lagsins samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum aðalfunda þess, eru skuld- bindandi fyrir félagsheildina og búnaðarfélagið, er að samþykkt stendur, án þess að það hafi verið sérstaklega undir það borið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi búnaðarfélagsins.

## III. KAFLI

### Um tilhögun framkvæmda.

#### 9. gr.

Skylt er stjórn búnaðarfélagsins fyrir janúarlök ár hvert að skrá verkbeiðnir félagsmanna. Skal þar tilgreint hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra.

Skýrslunni fylgi frá verkkaupendum greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig varð- andi vinnu þá, er þeir biðja um.

## 13

1. febr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 9. gr., ber stjórn búnaðarfélagsins í samráði við framkvæmdastjóra að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykkttri starfsáætlun eftir því, sem við verður komið.

## 10. gr.

## 11. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu eftir því, sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði við flutning véla og verkfæra.
2. Að túnasléttun, að öðru jöfnu, sé látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt að dómi héraðsráðunauts eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garð- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

## IV. KAFLI

## Um verðlagsáskvarðanir og greiðslu kostnaðar.

## 12. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur. greiðist af verkkaupanda þeim, er um getur í 9. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn búnaðarfélagsins að láta greiðslur fara fram eftir áætludum verktöxtum meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðarreikningsskil séu byggð á kostnaðarverði eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætlaðir verktakar séu miðaðir við tímaeiningu.

## 13. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutninga þeirra milli vinnustaða, viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, geymslukostnaður, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður.

Heimilt er búnaðarfélagsstjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarkostnaði hvers árs.

## 14. gr.

Aðalfundur búnaðarfélagsins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar, í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing af því, sem vinna á.

## 15. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tímum, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir búendur, hreppsfélag eða aðra aðila á samþykktarsvæðinu, þó þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er, að það sé hagkvæmt fyrir búnaðarfélagið, enda sé tryggt, að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo að það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

## 16. gr.

13

Rekstursafgangur af áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu 1. febr. eða þeim verkum, er um getur í 15. gr., skal leggjast í stofnsjóð búnaðarfélagsins og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 18. gr.

## V. KAFLI

## Fjáröflun og tryggingar.

## 17. gr.

Búnaðarfélagið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans er 230 þús. kr.

1. Búnaðarfélagið leggur fram  $\frac{1}{4}$  hluta stofnfjárins sem óafturkræft framlag.
2. Búnaðarfélagið tekur að láni  $\frac{1}{4}$  hluta stofnfjárins með tryggingum í eignum félagsins eða með öðrum þeim tryggingum, er lánsstofnun sú, er lánið veitir, tekur gildar.
3. Helmingur stofnfjárins er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Rennur styrkurinn í stofnsjóð jafnóðum og styrkgreiðslur fara fram.
4. Auk þess leggjast í stofnsjóð árlegar tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 16. gr.

## 18. gr.

Stofnfjárframlag búnaðarfélagsins greiðist til stjórnar félagsins þá er samþykkt þessi hefur öðlzt gildi.

## 19. gr.

Komi í ljós síðar að álitni framkvæmdastjórnar að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjárukningu. Sé stofnfjárukningin samþykkt af aðalfundi er hún bindandi fyrir búnaðarfélagið.

## 20. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka reksturslán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum II. kafla jarðræktarlaga.

## 21. gr.

Skylt er samþykktaraðilum að hafa greitt til framkvæmdastjórnar  $\frac{3}{4}$  af áætluðu kostnaðarverði að frádregnum jarðabótastyrk þeirrar vinnu, er þeir hafa pantað áður en verkið er hafið. Eftirstöðvarnar greiðast með gjalddaga, er verktökusamningur ákveður.

## VI. KAFLI

## Um reikningshald og endurskoðun.

## 22. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Aðalfundur skal haldinn fyrir 15. marz ár hvert og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram fyrir þann tíma. Skulu endurskoðendur sannprófa, að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

## 23. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kjörnir á aðalfundi búnaðarfélagsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

13

1. febr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi búnaðarfélagins. Þar gefur framkvæmdastjórn skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

24. gr.

## VII. KAFLI

Um breyting samþykktar og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

25. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá búnaðarfélaginu eða framkvæmdastjórn, skulu lagðar fyrir aðalfund búnaðarfélagins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með a. m. k.  $\frac{3}{5}$  atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn búnaðarfélagins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

26. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggja fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð, og lögmætur aðalfundur búnaðarfélagins samþykki það með a. m. k.  $\frac{3}{5}$  atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

27. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögglumál.

28. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsaðgerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febr. 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 1. febrúar 1955.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Árni G. Eylands.*

14

2. febr.

## FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir hreppana vestan Hvítár og Ölfusár í Árnessýslu.

## I. KAFLI

Um upprekstur og vorsmölun.

1. gr.

Öllum fjáreigendum í hreppnum er heimilt að reka fénað sinn til afréttar á sumrum. Þó er mönnum skylt að reka til afréttar, ef fénaður þeirra veldur ágangi á lönd annarra. Skal sá, er fyrir slíkum ágangi verður, gera kröfu á hendur fjáreiganda, að hann reki fé sitt til afréttar eða taki það í örugga vörzlu. Þver kallist fjáreigandi við slíkri kröfu, sker hreppsnefnd úr um réttmæti hennar. Sé krafan